

**Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir „Minningarsjóð hjónanna Sigur- 222
fljóðar Einarsdóttur ljósmóður og Helga Helgasonar“, útgefin á venjulegan hátt 27. okt.
ad mandatum af dómsmálaráðherra 27. október 1950.**

Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Minningarsjóð Sigurfljóðar Einarsdóttur ljósmóður og Helga Helgasonar.

1. gr.

Sjóðurinn, sem ræðir um í eftirfarandi stofnskrá, heitir Minningarsjóður hjónanna Sigurfljóðar Einarsdóttur ljósmóður og Helga Helgasonar.

Frú Sigurfljóð Einarsdóttir var fædd 10. júní 1849, dáin 18. janúar 1935, gegndi ljósmóðurstörfum í Grýtubakkahreppi á árunum 1875—1924; maður hennar Helgi Helgason, var fæddur 1. október 1851, dáinn 5. ágúst 1938. Þau bjuggu á Grund í Höfðahverfi frá 1880 til 1909.

2. gr.

Stofnfé sjóðsins er 10000 — tíu þúsund — krónur, gefið af núlifandi börnum þeirra hjóna, Baldri, Hallfríði og Jóni.

3. gr.

Tilgangur sjóðsins er sem hér segir:

- a. Að styrkja efnilegar stúlkur til að nema ljósmóðurfræði í þeim tilgangi, að gegna þeirri starfsemi í Grýtubakkahreppi.
- b. Að veita styrk til hæfra kvenna, er vilja annast hjúkrun sjúkra og aðra líknarstarfsemi í þarfir áðurnefnds sveitarfélags.
- c. Að veita styrk fátækum ekkjum og mæðrum í sveitinni, er hafa misst eiginmann eða fyrirvinnu heimilis síns eða orðið fyrir heilsuleysi á sér eða sínum.

4. gr.

Sjóðurinn veitir viðtöku minningargjöfum, áheitum og öðrum slíkum gjöfum, sem einstaklingar og félög fyrr og síðar vilja leggja fram. Allt það fé leggst við höfuðstól sjóðsins sem stofnfé.

5. gr.

Fastar tekjur sjóðsins eru árlegir vextir af höfuðstólnum.

6. gr.

Styrkur úr sjóðnum veitist eftir umsókn. Styrkveiting skal jafnan fara fram 10. júní, á afmælisdag móður okkar, eða næsta dag sé það helgur dagur. Þó má ekki veita styrk úr honum fyrr en 1952 á 103. afmælisdegi hennar.

7. gr.

Úr sjóðnum má ekki veita hærri upphæð árlega, en sem nemur $\frac{3}{4}$ af árlegum vöxtum. Afgangurinn, $\frac{1}{4}$ vaxtanna, leggst við höfuðstólinn þar til sjóðurinn er orðinn 50 000 kr. Eftir þann tíma getur stjórn sjóðsins tekið ákvörðun um, hvort nokkur hluti vaxtanna leggst við höfuðstólinn framvegis eða ekki.

8. gr.

Falli styrkveiting niður eitt eða fleiri ár ganga vextir óskiptir til höfuðstólsins og festast þar sem stofnfé.

222

27. okt.

9. gr.

Kvenfélag Grýtubakkahrepps annast sjóðinn og hefur stjórn þess með höndum styrkveitingar úr honum eftir áður greindum fyrirmælum. Áður en styrkveiting fer fram, skal sjóðstjórnin gefa oddvita, héraðslækni og sóknarpresti Grýtubakkahrepps kost á að láta í ljósi álit sitt á umsóknunum.

10. gr.

Hætti kvenfélagið störfum tekur hreppsnefnd Grýtubakkahrepps við sjóðnum og annast hann á sama hátt og kvenfélagið gerði. Verði núverandi Grýtubakkahreppi skipt í tvo hreppa með sjálfstæðum sveitarstjórnnum, fylgi sjóðurinn ætíð þeim hreppi, sem Grund er í, og því kvenfélagi, sem þar starfar, en réttur til styrks úr sjóðnum fylgi þó ætíð því svæði, sem hreppurinn nær nú yfir.

11. gr.

Fé sjóðsins skal komið fyrir á sama hátt og lög mæla fyrir um fé ólögráðra. Formaður kvenfélagsins geymir bækur og skjöl tilheyrandi sjóðnum á sem tryggilegastan hátt, eins og aðrar mikilsvarðandi bækur og skjöl félagsins. Stjórn sjóðsins er ólaunuð, en bækur, ritföng, símtöl, símskeyti og annan slíkan kostnað, sem sjóðinn varðar, má greiða af vöxtum hans.

12. gr.

Sjóðstjórnin hefur reikningsábyrgð gagnvart sveitarstjórn. Reikningsár sjóðsins er almanaksárið, og skal endurskoðaður reikningur sendast til sveitarstjórnar fyrir 1. apríl ár hvert. Reikningurinn telst fullgildur þá er hann er samþykktur af sveitarstjórn. Stofnendum sjóðsins skal senda reikninginn árlega, meðan þeirra nýtur við.

Akureyri, 23. september 1950.

Baldur Helgason. Hallfríður Helgadóttir.

Kaupmannahöfn, 2. október 1950.

Jón Helgason.

223

27. okt.

Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir „Minningarsjóð Guðmundar Magnússonar vélvirkja“, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 27. október 1950.

Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Minningarsjóð Guðmundar Magnússonar vélvirkja.

1. gr.

Sjóðurinn er stofnaður til minningar um Guðmund Magnússon vélvirkja, sem var fæddur 15. des. 1922 í Ólafsvík, sonur hjónanna séra Magnúsar Guðmundssonar sóknarprests í Ólafsvík og konu hans Rósu Thorlacius Einarsdóttur, og sem andaðist í Reykjavík 17. apríl 1945.

2. gr.

Sjóðurinn er stofnaður með minningargjöf að upphæð kr. 4650.00, sem íbúar Ólafsvíkurkaupþúns færðu foreldrum hans við fráfall hans, til frekari ráðstöfunar. Sjóðurinn var við árslok 1949 kr. 5965.75.